

# Grasrótarlýðræði í Kvennalistanum

Tíðindi af landsfundi Kvennalistans síðastliðna helgi hafa verið túlkuð á þann veg að talið sé tímabært að taka upp ný vinnubrögð í starfi flokksins. Kvennalistinn hefur löngum stáð að því að innan hans ríkti svokallað grasrótarlýðræði, að það séu ekki aðeins nokkrir útvaldir forystumenn sem móti stefnuna og að ákvarðanir séu lýðræðisleg niðurstaða af umræðum sem farið hafi fram meðal stórs hluta flokksmanna. Nú er eins og dregið sé í efa að þessi lýsing sé rétt.

Á landsfundinum var mikið um það rætt hvort flokkurinn hefði brugðist rangt við í viðræðum um myndun nýrrar ríkisstjórnar. Hvað sem líður einstökum áherslupunktum Kvennalistans í þeim umræðum, þá telja mjög margir að afstaða hans hafi fyrst og fremst ráðist af því að flokkurinn hafði um hrið komið mjög vel út úr skoðanakönnunum. Kvennalistinn hafi viljað kosningar til að geta nýtt þann byr og þess vegna hafi forsvarmenn hans ekki verið til viðtals um annað en kosningar nú í haust eða þá ríkisstjórn allra flokka sem sæti ekki nema fram að kosningum sem fram færðu að vori.

Meðan á stjórnarmyndunarviðræðum stóð var haft eftir oddvitum Kvennalistans að afstaða hans byggðist á víðtæku samráði innan flokksins. Í Reykjavík hefðu verið haldnar margir og fjölmennir fundir og stöðugt símsamband verið haft við félaga úti á landi. Nú bendir margt til að vinnubrögð flokksins hafi ekki verið nægjanlega skilvirk, að megingallinn við þau sé kannski ekki fyrst og fremst hversu tímafrek þau eru, heldur hitt að niðurstaðan sé ekki endilega í samræmi við vilja meirihluta flokksmanna.

Ljóst er að stór hluti Kvennalistans telur að flokkurinn hafi gert skyssu með því að reyna ekki til þrautar hverju unnt hefði verið að fá framengt með því að taka þátt í ríkisstjórn. Ekki fer milli mála að flokkurinn átti möguleika að setja mark sitt á málefnasamning slískrar stjórnar og ráðherrar úr Kvennalistanum aettu að geta gefið floknum færi á daglegri stjórnun og stefnumörkun í veigamiklum málum. En Kvennalistinn gat að sjálfsögðu ekki vitað hvort þau völd og ábyrgð, sem þátttaka í ríkisstjórn hefðu fært floknum, væru í reynd eftirsóknarverð ef fyrirfram var tekin sú stefna að hafna stjórnaraðild.

Kvennalistinn hefur tekið upp ný og fersk vinnubrögð á ýmsum svíðum. Látið hefur verið í veðri vaka að þar hafi ráðið ferðinni kvenlegt innsæi og að meðvitað hafi verið sprengdur upp sá rammi sem forræði karlmannna á að hafa sett um félagsstarfsemi. Þó er eins líklegt að tilraunir með nýjar starfsaðferðir séu óháðar kynferði flokksmanna en hafi það markmið fyrst og fremst að auka almenna þátttöku í ákvarðanatöku og þar með að efla lýðræði innan flokksins. Það er reyndar harla ólíklegt að konum sé áskapað að beita þeim vinnubrögðum sem uppi hafa verið í Kvennalistanum.

Í öllum flokkum hafa menn verið meðvitaðir um hættuna á því að áhrif pólitískra atvinnumannar yrðu of mikil og að raddir almennra flokksmanna heyrðust ekki eða þá að ekki væri eftir þeim hlustað. Það segir sig sjálf að þeir, sem taka að sér að sitja á alþingi, hafa atvinnu sinnar vegna nokkurt forskot í umræðu um stjórnsmál. Í stjórnmálauflokkum er reynt að tryggja áhrif almennra flokksmanna með því að leggja mál fyrir fundi í þartilkjörnum nefndum og stjórnnum. Liggi ekki ljóst fyrir hverjur eiga setu- og atkvæðisrétt á slíkum fundum, hlýtur að vera hætta á að ákvarðanir séu teknar af þeim sem fundaglaðastir eru eða hafa flest tækifæri til að liggja í símanum.

Tilraunum Kvennalistans við að efla lýðræði innan flokksins er ekki lokið og verður fróðlegt að fylgjast með þróuninni á þeim vettvangi.

ÓP

**Þjóðviljinn**

Síðumúla 6 · 108 Reykjavík

Sími 681333  
Kvöldsími 681348

Útgefandi: Útgáfufélag Þjóðvilians.  
Ritstjórar: Árni Bergmann, Mörður Árnason  
Fréttastjóri: Lúðvík Geirsson.  
Blaðameinir: Dagur Þorleifsson, Guðmundur Heimir Már Pétursson, Hjörleifur Sveinbjörn Svavarsson, Magnús H. Gíslason, Lilja Gur Gíslason, Pall Hannesson, Sigurður Á. Friðr Helgason, Sævar Guðbjörnsson, Þorfinnur Handrita- og prófarkalestur: Elias Mar, H. Ljóesmyndarar: Jim Smart, Þorfinnur Óma Útlitsteiknarar: Kristján Kristjánsson, Kri